

Múlaþing  
Lyngási 112  
700 Egilsstaðir



**Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Sólbaðkavegs 9497-01 af vegaskrá.**

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

*Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.*

Síða 1/1

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er föst búseta ekki lengur fyrir hendi og uppfyllir vegurinn því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skyldt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áfomað að fella Sólbaðkaveg, alls 0.15 km, af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur verða á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Gefinn er hér með kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, Búðareyri 11-13, 730 Reyðarfirði innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit: Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Páll Breiðfjörð Pálsson

Undirskrift  
*Páll B. Pálsson*